

170. þingflokksfundur, miðvikudaginn 10. ágúst 2016 kl. 13.

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta og Guðjón.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerðir

Ásta og Birgitta samþykktu fundargerðir 167. - 169. þingflokksfunda.

2. Bréf af fundum

Dagskrárlið frestað.

3. Fundur í allsherjar- og menntamálanefnd kl. 15

Birgitta mun fara á fund allsherjar- og menntamálanefndar og Ásta á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar kl. 15 í dag.

4. Fundur fólksins 2. - 3. september

Dagskrárlið frestað.

5. Fyrirspurn frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna vegna menningarstefnu flokksins.

Birgitta mun gera drög að svörum og Berglind svarar tölvupósti.

6. Viðvera framkvæmdastjóra á fundum

Ákveðið var að bjóða Bylgju, framkvæmdastjóra Pírata, á þingflokksfundi á mánudögum. Guðjón hefur samband og boðar Bylgju á þingflokksfund nk. mánudag.

7. Sumarfundur forsætisnefndar

Ásta fer á sumarfund forsætisnefndar sem haldinn verður í lok vikunnar á Ísafirði. Rætt var um starfsáætlun Alþingis og dagsetningu þingkosninga í haust.

8. Fundur leiðtoga ríkisstjórnarinnar og leiðtoga stjórnarandstöðu

Birgitta mun sækja fundinn sem haldinn verður í Stjórnarráðinu á morgun. Rætt var um fyrirhugaðar stjórnarskrárbreytingar. Guðjón aflar upplýsinga um þingsköp vegna mögulegrar framleggingu á yfirstandandi þingi.

9. Fundur með forseta Íslands

Rætt var um að Birgitta færi á fund með forseta Íslands í stað Helga Hrafn. Málið verður tekið fyrir á næsta þingsflokksfundi.

10. Bréf af fundi þingflokksformanna og undirbúningur fyrir mánudaginn

Birgitta gerði grein fyrir því sem fram fór á fundi þingflokksformanna í gær. Rætt var um störf framundan, dagsetningu kosninganna í haust og búvörusamninga.

11. Tvö þingmál

Birgitta gerði grein fyrir tveimur þingmálum sem hún stefnir á að leggja fram.

12. Önnur mál

Óskað hefur verið eftir viðtölum við þingmenn Pírata um verðtryggingu og lagt var til að Helgi tæki þau viðtöl þegar hann kemur aftur til starfa. Ákveðið var að fresta fyrirhugaðri gleði með fólki í nefndum þar til eftir þinglok. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.30